

**Ed.**

**471. Frumvarp til laga**

**[291. mál]**

um breytingu á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Flm.: Salome Porkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Davíð Aðalsteinsson,  
Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason, Helgi Seljan,  
Stefán Benediktsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

Niðurlag 2. gr. laganna, frá og með „Ljósatími ...“, falli niður.

2. gr.

Á eftir 39. gr. laganna komi ný grein er verður 40. gr. og orðist svo:  
Bifreiðar, sem notaðar eru til að flytja skólabörn, skulu vera sérstaklega auðkenndar með þar til gerðum skiltum. Ökumönnum, sem koma á eftir eða á móti slíkri bifreið, ber að stöðva ökutæki sín á meðan skólabörnum er hleypt út eða þau eru tekin upp í bifreiðina.  
Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð hvernig merkingum á skólabifreiðum skuli háttað og um notkun þeirra.

3. gr.

Í stað 1. másl. 1. málsgr. 53. gr. laganna komi:  
Við akstur bifreiðar, bifhjóls og léttis bifhjóls skulu jafnan vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum frá 1. september til 30. apríl ár hvert. Sama gildir um akstur annarra ökutækja í rökkri, í myrkri eða í ljósaskiptum eða ella þegar birtuskilyrði eru ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1985.

**Greinargerð.**

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og var afgreitt frá Ed. en var ekki afgreitt úr allsherjarnefnd Nd. Það er endurflutt nú með þeirri breytingu að í stað þess að lögbinda notkun ökuljósa allan ársins hring er lagt til að lögbinding gildi frá 1. september til 30. apríl ár hvert.

Þessi breyting, að ganga ekki jafnlangt og í fyrra frv., er gerð til þess að koma til móts við þá, sem eru andvígir breytingu að þessu leyti frá gildandi lögum, í þeirri von að frv. nái fram að ganga.

Flm. eru þeirrar skoðunar að notkun ökuljósa sé þýðingarmikill þáttur í aðgerðum til að koma í veg fyrir umferðarslys og fækka þeim, en staðreyndin er því miður sú að þriðja hvert banaslys hér á landi verður í umferðinni og þar slasast helst börn, unglingar og gamalt fólk.

Með þessu frv. er ekki verið að leggja aukin útgjöld á ríkissjóð. Það er fyrst og fremst verið að leggja til að gerð verði breyting á umferðarlögum sem leggur ákveðnar skyldur á herðar ökumönnum. Kostnaðarauki fyrir hvert ökutæki er óverulegur ef haft er í huga hve gífurlegur kostnaður er af slysum. Ljósín eyða að vísu orku sem talin er svara til einnar aukafyllingar á bensíntank bifreiðar á ári og perur þarf e. t. v. að endurnýja oft, en að slíkur kostnaður ætti að hafa úrslitapýðingu telja flm. fráleitt þegar haft er í huga að þetta er liður í aðgerðum til þess að koma í veg fyrir slys í umferðinni.

Mikilvægi ljósanotkunar ökutækja er tvíþætt:

Úti á þjóðvegum er það tillitssemi við aðra ökumenn, sem á móti koma, að nota ljósin.

Í þéttbýli er fyrst og fremst um að ræða tillitssemi við gangandi vegfarendur. Gangandi vegfarendur í yngstu aldurshópnum og þeim elstu hafa ekki allir fullt sjónskyn. Þeir eldri eru margir sjónþaprir og hreyfihamlaðir að meira eða minna leyti og viðbragðsflýtir margra skertur vegna aldurs eða af öðrum ástæðum. Að kveikja ökuljós á farartækjum veitir þessum vegfarendum mikið öryggi.

Í skýrslu, sem landlæknisembættið hefur tekið saman um slys í umferðinni, kemur fram sú hörmulega staðreynd að í aldurshópnum 7—20 ára eru slys algengasta dánarorsök hér á landi. Öllum ráðum verður því að beita til að tryggja öryggi í umferðinni.

Í Svíþjóð var það lögleitt 1. okt. 1977 að ökumenn væru skyldugir til að nota ljós allt árið. Í athugun, sem fram fór, var gerður samanburður á slysum næstu tvö árin fyrir gildistöku laganna um lögbundna ljósanotkun í akstri að degi til og fyrstu tvö árin eftir gildistöku. Fyrir samþykkt laganna notuðu 50% ökumanna ökuljós, eftir gildistöku yfir 95%. Talið var að umferðaróhöppum að degi til, þar sem slys urðu á fólki og fleiri en eitt farartæki kom við sögu, hefði fækkað um 11%.

Fækkun slysa eftir tegundum var sem hér segir:

Mest fækkaði slysum þar sem hlut áttu að máli bifreið og vegfarandi á reiðhjólum eða bifhjólum. Þar fækkaði slysum um 21%.

Slysum fækkaði um 17% þar sem gangandi vegfarendur og bifreiðar áttu í hlut.

Mínna dró úr þeim slysum sem urðu vegna árekstra bifreiða.

Þeim slysum, sem urðu vegna árekstra bifreiða er komu hvor á móti annarri, fækkaði um 10%.

Slysum í árekstrum á gatnamótum fækkaði um 9%.

Slysum í árekstrum bifreiða, er voru á leið í sömu átt, fækkaði um 2%.

Ákvæði 2. gr. frv. varðandi skólabifreiðar er þáttur í þeirri viðleitni að tryggja sérstaklega öryggi ungra vegfarenda.